



UMHVERFISSTOFNUN

Ársfundur náttúruverndarnefnda og Umhverfisstofnunar 2009

Kristín Linda Árnadóttir
Forstjóri





Náttúruverndaráætlun

- Tilurð: 65. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd
- Í fyrsta sinn lögð fram á Alþingi í upphafi vorþings 2004 – samþykkt án breytinga

Umhverfisráðherra skal láta vinna náttúruverndaráætlun og leggja fram á Alþingi eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.





Hvað er náttúruverndaráætlun

- Stefnuyfirlýsing Alþingis um að hvaða svæði ber að vinna að friðlýsingu á
- Er tímabundin, forgangsröðun verkefna
- Skýr markmið
- Hefur ekki bein réttaráhrif
- Stefna að ná samningum við landeigendur og sveitarfélög





Efni náttúruverndaráætlunar

Miða skal við að svæði í náttúruverndaráætlun:

- hýsi sjaldgæfar tegundir eða tegundir í útrýmingarhættu
- séu óvenju tegundarík eða viðkvæm fyrir röskun
- séu nauðsynleg til viðhalds sterkra stofna mikilvægra tegunda
- hafi verulegt vísinda-, félags-, efnahags- eða menningarlegt gildi
- séu mikilvæg fyrir viðhald náttúrulegra þróunarferla
- hafi alþjóðlegt náttúruverndargildi
- séu einkennandi fyrir náttúrufar viðkomandi landshluta





Hugmyndafræðin

- Á m.a. rætur að rekja til alþjóðasamninga um náttúruvernd
 - *Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni*
 - *Bernarsamningurinn um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu*
- Skráning, vernd og uppbygging náttúrulegra vistkerfa, tegunda og búsvæða
- Net verndarsvæða sem tryggir lágmarksvernd líffræðilegrar fjölbreytni



Samþykkt náttúruverndaráætlun



2004-2008

- 7 fuglasvæði
- 2 plöntusvæði
- 1 búsvæði (birkiskógur)
- 2 jarðminjasvæði
- 2 stækkun þjóðgarða





Náttúruverndaráætlun/ Hvað hefur unnist?

- Á tímabilinu 2004-2008 voru 4 svæði á náttúruverndaráætlun.friðlýst
- Á tímabilinu voru 6 svæði friðlýst að frumkvæði sveitarfélaga.

- *Krossanesborgir – 2005*
- *Einkunnir - 2006*
- *Arnarnesstrýtur - 2007*
- *Hraun í Öxnadal - 2007*
- *Vífilsstaðavatn – 2007*
- *Gálgahraun -2009*
- *5 svæði í Hafnarfirði*

11 ↔ 4



Náttúruverndaráætlun 2009-2013



UMHVERFISSTOFNUN

- Lagt til að 13 svæði verði friðlýst
- Einnig þau 12 svæði sem ekki gekk að friðlýsa í fyrri áætlun
- Tegundir plantna og dýra.
 - 24 tegundir háplantna,
 - 45 tegundir mosa,
 - 90 tegundir fléttna,
 - Þrjár tegundir hryggleysingja: tröllasmiður, tjarnarklukka og brekkubobbi.





Nýjungar

- Lagt er til að þrjár tegundir hryggleysingja verði friðaðar, en það yrði í fyrsta sinn sem dýrategundir yrðu friðaðar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Nú eru tegundir fugla og spendýra friðaðar allt árið eða hluta af árinu með lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.
- Lagt er til að 160 tegundir mosa, fléttna og háplantna verði friðlýstar, en það er mesta friðun tegunda sem ráðist hefur verið í hér á landi. Tegundir plantna hafa ekki verið friðlýstar síðan 1978.





Náttúruverndaráætlun 2009-2013

- **Jarðfræðisvæði:**
 - Langisjór og nágrenni
- **Vistgerðir:**
 - Orravatnsrústir norðan Hofsjökuls - freðmýrasvæði
 - Stækkun friðlands Þjósárvera - rústamýravist
 - Stækkun Vatnajökulspjóðgarðs (Skaftártunga og Síðuafreittur) - breiskjuhraunavist
- **Plöntusvæði:**
 - Snæfjallaströnd – Kaldalón – sjaldgæfar háplöntur
 - Eyjófsstaðaskógur – fléttur sem ásætur á birki
 - Egilsstaðaskógur – fléttur sem ásætur á birki
 - Skóglendi við Hoffellsjökul – Einstakt gróðurfar og sjaldgæfar plöntur (**nú þegar friðlýst**)
 - Steinadalur í Suðursveit – sjaldgæfar plöntur
 - Gerpissvæðið – sérstætt gróðurfar og sjaldgæfar háplöntutegundir.
- **Verndarsvæði fyrir smádýr/hryggleysingja:**
 - Undirhlíðar í Nesjum – tröllasmiður
 - Hvannstóð undir Reynisfjalli – brekkubobbi
 - Innriháls í Berufirði – tjarnarklukka






Náttúruverndaráætlun
2009-2013

Verndartillögur:

- 1 Snæfjallaströnd-Kaldalón
- 2 Eyjólfsstaðaskógur
- 3 Egilsstaðaskógur og Egilsstaðaklettur
- 4 Gerpissvæðið
- 5 Skóglendi við Hoffell
- 6 Steinadalur í Suðursveit
- 7 Undirhlíðar í Nesjum
- 8 Tjarnir á Innrihálsi í Berufirði
- 9 Hvannstöð undir Reynisfjalli
- 10 Orravatsnústir
- 11 Þjórsárver
- 12 Svæði í Skaftártungum og á Síðuafrétti
- 13 Langisjór og nágrenni

-  Plöntur
-  Smádýr
-  Vistgerðir
-  Jarðminjar



0 25 50 75 100 km

Nóv. 2008. MH.





Hvernig náum við árangri

- **Sum sveitarfélög og landeigendur eru ekki hrifin**
- **Ferill við gerð áætlunar verið gagnrýndur**
- **En**
 - **Gífurlega mikilvægt að ná árangri, verndarandlagið skýrt**
 - **Íslendingar almennt hlynntir vernd náttúru Íslands**





Drög að samráðsferil

| ÁFANGI | VIÐFANGSEFNI | SAMRÁÐ OG KYNNING | AFRAKSTUR |
|--------------------------------------|--|---|--|
| I. Undirbúningur | Gera lista yfir hagsmunaaðila og greina hagsmuni þeirra. Skipa stýrihóp. Móta verkefnisáætlun, þ.m.t. samráðsáætlun. | Upphafsfundur með stýrihópi um nálgun og áherslur í vinnunni. Verkefnisáætlun kynnt á vef og fyrir sveitarfélögum og landeigendum. | Verkefnisáætlun, þ.m.t. samráðsáætlun. Listi yfir hagsmunaaðila. |
| II. Meginforsendur og sýn | Afla fyrirbyggjandi gagna um einkenni, verndarandlag Skoða stöðu skipulags. Greina verðmæti svæðis, auðlindir, notkun, tækifæri og hindranir. Setja fram drög að framtíðarsýn fyrir svæðið. | Opinn fundur í héraði til að greina verðmæti, tækifæri og hindranir og | Samantekt um einkenni svæðis og möguleika í nýtingu og verndun, ásamt drögum að framtíðarsýn fyrir svæðið. |



Drög að ferli, frh.

| ÁFANGI | VIÐFANGSEFNI | SAMRÁÐ OG KYNNING | AFRAKSTUR |
|---|---|---|--|
| III. Markmið fyrir verndun og nýtingu svæðis, mögulegar leiðir að þeim og mat á áhrifum á umhverfi og samfélag | Setja fram meginmarkmið fyrir verndun og nýtingu svæðisins. Skilgreina mögulegar leiðir að markmiðum. Meta og bera saman valkosti varðandi markmið og leiðir og m.t.t. áhrifa á umhverfi og samfélag. | Fundur/fundir með landeigendum og lykil hagsmunaaðilum (s.s. á sviði ferðamála, atvinnumála, náttúruverndar) til að greina tækifæri og hindranir. | Samantekt með drög að markmiðum og leiðum og mat áhrifum mismunandi kosta. |
| IV. Skilmálar | Setja skilmála um landnotkun, mannvirkjagerð og reglur um umferð og umgengni. | Samráð við landeigendur og sveitarfélag um skilmála. | Drög að skilmálum. |



Drög að ferli, frh.

| ÁFANGI | VIÐFANGSEFNI | SAMRÁÐ OG KYNNING | AFRAKSTUR |
|----------------------------|---|--|--|
| V. Samningagerð | Skilgreina hlutverk aðila. Undirrita samning. | Samráð við landeigendur og sveitarfélag um hlutverk aðila. | Ráðherra undirritar friðlýsingarskilmála ásamt landeigendum og sveitarfélagi |
| VI. Eftirfylgni | Eftirlit. Vöktun. Rannsóknir. Uppbygging og aðgerðir til að stuðla að verndun. | Samráð við NÍ, sveitarfélag og landeigendur um fyrirkomulag eftirlits og vöktunar. | Verndaráætlun Vöktunaráætlun. Aðgerðaáætlun um stígagerð, merkingar, áningarstaði o.þ.u.l. Rannsóknaráætlun |





Ykkar aðkoma

Ferillinn í vinnslu, viljum kynna fyrir umhverfisnefnd Alþingis, fá athugasemdir

Hvernig getum við bætt ferillin

-hvaða gögn þarf að leggja fram og á hvaða stigum

-hvernig samráðsfundi, hvernig náum við til heimamanna

-aðkoma náttúruverndarnefnda





UMHVERFISSTOFNUN

***Njótum umhverfisins og
stöndum vörð um það saman***

